

## Sýrustig og kalkleysni sjávar við Ísland

Jón Ólafsson (1,2) og Sólveig R. Ólafsdóttir (2), Efnafræðiskor (1) og Hafrannsóknastofnun (2), Skúlagötu 4, 121 Reykjavík. jon @hafro.is

Bein efnafræðileg áhrif vaxandi koltvioxíðstyrks í lofti koma fram í lækkuðu sýrustigi sjávar, pH. Á 200 árum, frá því um aldamótin 1800 til 2000, er talið að styrkur koltvioxíðs í lofti hafi hækkað úr 280 ppm í um 370 ppm. Jafnframt tóku heimshöfin til sín drjúgan skerf af koltvioxíði og við það hefur hefur pH í hlýsjó hér við land lækkað um 0.1 einingu, sem er umtalsvert og hefur áhrif á leysni kalks í sjó. Hraði þessara breytinga fer vaxandi. Fjallað verður um ferli sem koma við sögu, aðstæður í hafinu hér við land og næmni lífríkis við breytingunum.